

Alþingi  
B.t. Atvinuveganefndar  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Staður, dagsetning  
Tilv.2023-11-13-1038

**Efni:** Umsögn um frumvarp um leyfi til prófana á vinnslu og veiðarfærabúnaði

Vísað er til erindi frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis, dags. 10 nóvember 2023, þar sem Fiskistofu var sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 97/1997 (leyfi til prófana á vinnslu og veiðarfærabúnaði).

Með frumvarpinu er leitast við að greiða fyrir íslenskum aðilum sem þjónusta eða hanna veiðarfærabúnað með því að heimila skipum sem kaupa þá þjónustu að prufa veiðarfærabúnaðinn í íslenskri landhelgi á grundvelli skilyrts tilraunveiðileyfis. Meðal skilyrða er að eftirlitsmenn Fiskistofu skuli vera um borð í skipinu á kostnað leyfishafa meðan á prufunum stendur og að um allan afla skuli fara eftir reglum um ólögmætan sjávarafla.

Fiskistofa styður efni frumvarpsins og áréttar að mjög mikilvægt er að eftirlitsmenn Fiskistofu séu um borð í skipum sem fá leyfi til að prufa veiðarfæri í fiskveiðilandhelgi Íslands. Tilraunveiðileyfi á grundvelli ákvæðisins er ætlað skipum sem ekki eru með leyfi til veiða í íslenskri landhelgi og myndu oft ekki uppfylla skilyrði til að fá slíkt leyfi. Þá er Fiskistofa sammála því að við prufanir sem þessar veiðist ekki afli sem útgerð eða annar aðili getur hagnast á og því eðlilegt að um allan afla sem veiðist á grundvelli tilraunveiðileyfis sem mælt er fyrir um í frumvarpinu fari eftir reglum um ólögmætan sjávarafla.

*Erna Jónsdóttir*

F.h. Fiskistofu  
Erna Jónsdóttir - FISK

